



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 13. nóvember 2017 kl. 20 í stjórnsýsluhúsi.

Mætt: Sandra Rún Björnsdóttir formaður, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jón Þór Kjartansson umsjónarmaður með Endurvinnslusvæði á Reykhólum var gestur á fundinum undir lið 4.

Fundargerð rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið og var gengið til dagskrár. Formaður leitaði afbrigða að taka lið 4 fyrst á dagskrá. Var það samþykkt.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 31. maí 2017.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. 1510008 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, vinnslutillaga til umsagnar.

Nefndin gerir engar athugasemdir við vinnslutillögu. Samþykkt samhljóða.

3. 1711017 - Vegna breytingar á samþykkt um hunda- og kattahald, samningur um dýraeftirlit.

Vegna breyttra forsenda samþykkir nefndin að samningi um dýraeftirlit verið sagt upp, og leggur til við sveitarstjórn að áhaldahúsi verði falið verkefnið. Samþykkt

4. 1711018 - Endurvinnslusvæði, staða framkvæmda.

Jón Þór fór yfir stöðuna á framkvæmdum á endurvinnslusvæðinu. Búið er að framkvæma um helming þess sem áætlað er að gera á árinu. Rætt var um merkingar á svæðinu. Talað var um að loka svæðinu á nóttunni og koma á opnunartíma á svæðið. Rætt var um það hvort koma eigi upp nytjagámi á svæðinu.

Önnur mál: (ef einhver).

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21.15
